

Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5. maí 2023

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika). Mál nr. 986/2023.**

Bandalag Háskólamanna (BHM) fagnar þessu frumvarpi enda afar jákvætt að heilbrigðisstofnunum sé gert skylt að hafa virkt innra eftirlit með sinni starfsemi og þjónustu og löngu tímabært að ábyrgð á alvarlegum atvikum sem verða, eins og oftast er raunin, vegna samverkandi þátta hvíli á stofnununum sjálfum en ekki á einstaka starfsfólki. Þetta verður afar jákvætt skref bæði vegna öryggismenningar og hvað varðar hvata starfsfólks til að tilkynna alvarleg atvik og vernd þeirra við slíka tilkynningu.

Af fyrri athugasemdum bandalagsins var einungis brugðist við einni í greinargerð nýs frumvarps. BHM lagði til að alvarleg atvik yrðu meðhöndluð svipuð og samgönguslys á þann hátt að sett yrði á fót sérstök rannsóknarnefnd alvarlegra atvika í heilbrigðiskerfinu skipuð sérfræðingum með ólíka menntun. Fram kemur í greinargerð að starfshópnum sem vann að gerð frumvarpsins hafi þótt það veruleg stefnubreyting sem krefðist nánari skoðunar og lengri tíma. Vill bandalagið ítreka mikilvægi þess að fyrirkomulag af þessu verði skoðað af alvöru ef frumvarp þetta verður samþykkt á þingi.

Ekki var brugðist við öðrum athugasemdum bandalagsins svo þær eru hér með áréttaðar:

- Mikilvægi þess að réttur aðstandenda til upplýsingagjafar sé tryggður. Í 4.gr. frumvarpsins segir að veitendum heilbrigðisþjónustu sé skylt að tilkynna landlækni um alvarleg atvik og að einnig beri að tilkynna atvikið sjúklingi og nánustu aðstandendum hans. Þá segir að sjúklingum og aðstandendum sé einnig heimilt að tilkynna alvarlegt atvik. Í 7. gr. segir svo að í tilfellum þar sem landlæknir ákveður að ekki sé tilefni til rannsóknar eigi sú ákvörðun að vera skrifleg og tilkynna eigi hana þeim sem tilkynnti atvikið. Það er því ekki skylda landlæknis, samkvæmt frumvarpinu, að tilkynna sjúklingi og aðstandendum hans um ákvörðun sína til að rannsaka ekki mál í þeim tilvikum þar sem þau eru ekki tilkynnendur atviksins. Þetta þarf að mati BHM að laga.
- BHM ítrekar mikilvægi þess að mönnun og fjármögnun landlæknisembættisins vegna rannsóknarskyldu sé tryggð svo hægt sé að ljúka rannsókn hvers atviks innan ásættanlegra tímamarka. Í greinargerðinni með þessu frumvarp kemur fram að tilkynnt hafi verið um 55-60

alvarleg tilvik til landlæknis á ári síðastliðin tvö ár en í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að embættinu er ætlað að ljúka lokaskýrslu um niðurstöðu rannsóknar á atviki að jafnaði innan sex mánaða frá tilkynningu þess. Það verður að teljast hæpið að þessi málafjöldi geti fengið svo skjóta úrvinnslu með einungis 1-2 viðbótarstöðugildum hjá embætti landlæknis eins og ráðuneytið áætlar (sbr. liðinn um mat á áhrifum í greinargerðinni).

- BHM hefur áður bent mikilvægi þess að tryggja stöðu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks en við því hefur ekki verið brugðist. Bandalagið ítrekar því að í frumvarpinu verði skýrt kveðið á um samanlagða ábyrgð heilbrigðisstofnunar í þeim tilvikum þegar atburðarrás sem leiðir til alvarlegs atviks endar hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni (hvort sem það er í gegnum útboð stofnunar eða öðrum hætti).

Virðingarfyllst,



---

Friðrik Jónsson  
Formaður BHM